

A+ sparisjóður - Helstu upplýsingakerfi

Tveir starfsmenn starfa við upplýsingatæknisvið A+ sparisjóðs og koma að rekstri kerfa sjóðsins. Aðstoð við notendur hefur verið útvistað til tölvuþjónustufyrirtækis. Unnið er að því að afla ISO vottunar á öryggismálum hjá sparisjóðnum. Þá stendur yfir úttekt á rekstri upplýsingakerfis sjóðsins og er sú úttekt framkvæmd af innri endurskoðanda sjóðsins og ytri aðila. Tilgangurinn úttektarinnar er að kanna hlítni við leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins um upplýsingakerfi eftirlitsskyldra aðila. Þessari úttekt mun ekki ljúka fyrir áritunardag ytri endurskoðanda.

Hér fyrir neðan er yfirlit yfir helstu upplýsingakerfi A+:

Navision	Fjárhagskerfi sparisjóðsins er í Navision. Rafrænn gagnaflutningur er úr öllum helstum viðskiptakerfum sparisjóðsins yfir í Navision. A+ keypti hugbúnaðinn og er öll kerfisstjórnun hjá A+, ásamt viðhaldi gagna og afritunartöku.
RB kerfi	Reiknistofa bankanna sér um greiðslulausnir og innlán sparisjóðsins. Rekstur RB kerfa er alfarið í höndum Reiknistofu bankanna.
Libra Loan	Öll útlán sjóðsins eru skráð í kerfið Libra Loan. Kerfið var keypt af A+ og sér sparisjóðurinn um reksturinn á kerfinu með aðstoð þjónustuaðila eftir því sem við á.
Libra Securities	Libra Securities kerfið heldur utan um frágang verðbréfavíðskipta, greiðslur og verðmat.
Spakur	Í Spaki er haldið utan um upplýsingar um viðskiptavini, verkferla og tryggingar. Rekstur Spaks er hjá Teris, utanaðkomandi þjónustuaðila.
Heimabanki	Teris hefur umsjón með þróun og breytingastjórnun á netbanka sparisjóðsins.
Collmann	A+ er að innleiða nýtt tryggingakerfi og hyggst færa allt utanumhald um tryggingar og útreikning á virði þeirra í nýtt kerfi, Collmann. Kerfið hefur verið keypt og mun rekstur kerfisins verða hjá A+.
Töflureiknar	Sparisjóðurinn stundar almennt ekki afleiðuviðskipti og hefur því ekki keypt sérstakan hugbúnað vegna slíkra viðskipta. Í undantekningartilvikum hefur sjóðurinn komið að afleiðuviðskiptum og hefur í þeim tilvikum verið haldið utan um afleiðuviðskiptin í excel töflureikni.